

Stafsögur
Veturinn 2018 - 2019

Við notuðum líka sögur og spurningar úr bókinni
Það kemur saga útúr mér eftir Herdísi Egilsdóttur.

Það eru mjög góðar leiðbeiningar í bókinni.

Það eru spurningar eftir hverja sögu sem er gott að spyrja þau um
eftir að búið er að lesa söguna.

Kenndur er einn stafur á viku þar til eftir áramót.

Dæmi um kennslu á hljóði og bókstaf.

Læra hljóðið Í

1. Lesin og eða sögð saga um í og teikna um leið stafaspjaldið.

Ég notaði t.d. þessa sögu...


Ína var með ýlustrá og þegar hún blés í ýlustráíð heyrðist í í í í.

Stráíð slitnaði og þá heyrðist ekki meira í í í í í.

Ýkja hljóðið þegar sagan er sögð í í í = hljóðið.

... og síðan lásu sumir söguna líka úr bókinni Það kemur saga útúr mér
og fóru yfir spurningarnar með þeim.

2. Koma með ýlustrá og láta það ýla.






3. Finna rétta talstöðu og sýna mynd. Þau segja síðan hljóðið með kennaranaum.
4. Kennarinn skrifar bókstafinn á töfluna og byrjar uppi í skýjunum.
5. börnin ásamt kennaranum teikna stafinn út í loftið bæði stóra og litla bókstafinn.
6. Teikna myndina - bókstafspjaldið.
7. Kennarinn gengur á milli og heyrir hljóðið hjá þeim
(Stundum notum við handbrúðu til að hlusta á hljóðið. T.d. er apinn Anna að læra sérhljóðana og músin Malla að læra samhljóðana.)
8. Koma með hluti sem eru t.d. í kassa eða poka og og byrja á bókstafnum t.d. íkorni, ísbjörn, ýlustrá, ísland,
9. Börnin finna orð með í og kennarinn skrifar þau uppá töfluna.
10. Það mætti setja orðið og mynd sem tengist orðinu sem þau fundu fram á gang.


<http://vigfusina.is/skoli/5ara06/islenska/ordasafn/forsida.htm>

11. Leira stafinn - rauðann eða grænan eftir því sem við á.

12. Brjóta saman A5 blað til helminga og síðan aftur annan helminginn þannig að hann verði fjórði partur.

Skrifa stóra bókstafinn á aðra línuna og litla á neðstu línuna. Á helminginn sem er hálfur er teiknuð mynd. T.d. ýlustrá með íinu.

A5 blað brotið til helminga	síðan aftur annan helminginn	Blaðið ætti að líta svona út.
		



13. Vinna tvær blaðsíður í bókinni [Listin að lesa og skrifa](#).

Við kennum þeim stafina í sömu röð og sett er upp í vinnubókunum [Listin að lesa og skrifa](#) 1 - 4 en ekki gömlu Ísaksskólaröðinni.

Hérna er sagan um **Nóra og Sólu sem eru sögupersónur** í Listin að lesa og skrifa.

Ljósálfurinn og dvergurinn Einu sinni var lítill ljósálfur (Sjá mynd í Vinnubók 1, bls. 2-3) sem bjó í fallegri skýjahöll hátt á himni. Litli ljósálfurinn hét Sóla. Sóla ljósálfur á gullakistu sem hefur að geyma mörg leikföng, myndir og nokkra stafi. Sóla er mjög glaðlynd og kát að eðlisfari og hefur afar gaman af því að leika sér að gullunum sínum. Hún hefur búið til söngva um stafina sína og syngur stafasöngvana á hverjum degi. Einhverju sinni er Sólu sagt frá því að niðri á jörðu sé að finna fleiri stafi en hún á í fórum sínum og þar sem Sóla ljósálfur er ákaflega forvitin ákveður hún að fara í heimsókn til jarðar í leit að fleiri stöfum. Sóla setur stafina sína í poka sem mamma hennar hafði gefið henni og svo heldur hún af stað í átt til jarðar. Eftir langa ferð kom Sóla litla ljósálfur í sérkennilega hamraborg. En hvað þetta var skemmtilegur staður! Sóla litla hleypur milli klettanna sem eru af

öllum stærðum og gerðum, þar er meira að segja stuðlaberg. Sóla litla ljósálfur verður ekki mannaferða vör og sér ekkert kvíkt nema nokkur fiðrildi á sveimi hér og þar. Allt í einu berast henni til eyrna undarleg hljóð. Hvað er þetta? Sóla leggur við hlustir. Það var eins og einhver sé að smíða. Sóla gengur varlega í áttina að hljóðinu og undrun hennar er mikil þegar hún sér inni í einum hamrinum lítinn dverg sitja við smíðar. Allt um kring gefur að líta fallega smíðaða hluti og einhver tákn sem Sóla hefur aldrei séð áður. Sóla verður svo hugfangin af hlutunum að hún kallar upp yfir sig í gleði: - En hvað þetta er fallegt! Dvergurinn sem situr niðursokkinn við störf sín hrekkur við, snýr sér að Sólu og spyr: - Hver ert þú og hvað ert þú að gera hérna? Nú verður Sóla litla dálítið feimin og svarar hikandi: - Ég heiti Sóla ljósálfur. Ég á heima í skýjahöll hátt á himnum. Ég á hér í pokanum mínum nokkra stafir en mér var sagt að á jörðinni væri að finna fleiri stafir og ég er komin til að leita að þeim. - Komdu sæl, Sóla, ég heiti Nóri og bý ásamt fleiri dvergum hér í hamraborginni. (Úr Mímisbrunni, Gylfaginning, bls. 97, sjá um bústaði álfa og dverga) Eins og þú sérð er ég að smíða staf. Átt þú svona staf? Nóri sýnir Sólu stafinn sinn. Hún skoðar staf dvergsins vel og vandlega en hristir svo höfuðið. - Nei, svarar hún. Síðan opnar hún pokann sinn og hellir öllum stöfunum sínum á gólfið og bætir við: - Ég á bara þessa. Dvergurinn skoðar stafina hennar Sólu og segir svo: - Þínir stafir eru ólíkir mínum stöfum. - Já, satt segirðu, segir Sóla. Eftir hverju smíðar þú stafina þína? spyr hún svo forvitin. - Sástu ekki fiðrildin sem sveima hér allt um kring? spyr Nóri. - Jú, ég sá nokkur fiðrildi en veitti þeim enga sérstaka athygli, svarar Sóla. - Þá hefur þú ekki séð að á baki fiðrildanna eru stafir. Mér fannst þeir svo fallegir að ég smíðaði eftir þeim. - En hvað það er skemmtilegt að til skuli vera fiðrildi með stöfum, sagði Sóla. En veistu nokkuð hvað fólk á jörðinni gerir við svona stafir? - Já, svarar Nóri, stöfunum er raðað saman í orð sem sett eru í bækur. Ég á reyndar eina bók en hún er því miður alveg tóm. - Það er nú leiðinlegt, segir Sóla vonsvikin. - Já en veistu bara hvað, segir Nóri. Um daginn þegar ég var að elta eitt fiðrildi þá flaug það inn um glugga á skóla einum hér í nágrenninu og þá sá ég konu vera með bók sem var ekki tóm. Hún var að tala við

börnin í skólastofunni og sagði að þau ættu að læra að lesa og búa til orð úr stöfunum. - En hvað það hlýtur að vera skemmtilegt, segir Sóla litla og ljómaði. Mikið væri gaman ef við gætum líka lært að lesa og búa til orð sem við gætum sett í bókina þína. - Já, það væri gaman, segir Nóri, en ekki getum við bara ætt inn í skólann og truflað kennsluna, finnst þér það? spyr Nóri. - Nei, það væri ekki gott, svaraði Sóla, en hvað getum við gert? Litli ljósálfurinn og dvergurinn hugsa sig um dálitla stund. Allt í einu glaðnar yfir Nóra og hann segir: - Ég veit. Við getum brugðið yfir okkur huliðshjálminum mínum og laumast inn í kennslustofuna og lært að lesa með krökkunum. - Já, það er góð hugmynd og svo getum við kannski kennt krökkunum stafasöngvana, segir Sóla. - Stafasöngva? spyr Nóri undrandi. Hvað er nú það? - Syngur þú ekki stafasöngva með þínum stöfum? spyr Sóla. - Nei, það er ekki svo gott að syngja stafina mína, segir Nóri. En leyfðu mér að heyra einn stafasönginn þinn. Sóla verður upp með sér þegar hún syngur stafasöng fyrir Nóra. Þegar hún hefur lokið söngnum segir hún: - Ég gæti kannski sungið stafasöngvana í eyru kennarans ofur lágt. - Já það líst mér vel á, segir Nóri. Og svo tek ég stafina mína með, bókina mína og ef til vill orðaspjöldin sem frændi minn kom með fyrir stuttu og gaf mér. Heyrðu, mætti ég kannski geyma þetta í pokanum þínum? - Já, já, svarar Sóla. Þú mátt meira að segja eiga pokann með mér. - Þakka þér fyrir, segir Nóri, og þá mátt þú eiga bókina með mér. Síðan tekur hann brosandi í hönd Sólu og bætir við: - Jæja, komum okkur nú af stað. Jæja krakkar, svona byrjar ævintýrið um Sólu litlu ljósálf og dverginn hann Nóra. Það væri gaman ef þið gætuð hjálpað þeim að safna orðum í bókina þeirra og ef til vill gætuð þið byrjað á því fljótlega.

Í, í



Ína var með ýlustrá og þegar hún blés í ýlustráið heyrðist íííí. Stráið slitnaði og þá heyrðist ekki meira ííííí. Ýkja hljóðið íííí þegar sagan er sögð og lesin. Alltaf þegar hljóðið heyrir.



Ó,ó



Óli var úti á róló. Hann heyrði í smiðunum sem voru að smíða hótél við hliðina á róló. Óli fór að kíkja á smiðina. En þá vildi svo illa til að einn smiðurinn sem var uppi á annarri hæð missti spýtu sem lenti á höfðinu á Óla. Óli gólaði óóóóóó Hann flýtti sér heim til pabba og mömmu.

Eða

Óli var að hjóla úti hjá skóla. Þá kom hún Bóla og fór að róla. Allt í einu datt hún úr rólunni og fór að góla óóóóóóóó. Óli fór og huggaði Bólu. Hann fór með hana heim til mömmu sinnar



S s
Hljóðið
fest.




Siggi sjóræningja strákur var að sigla í sjóræningjaskipinu með pabba sínum og mömmu. Þegar hann sá tvær slöngur synda saman í sjónum. Hann heyrði þær segja eitthvað!
Hann hlustaði vel og heyrði að slöngurnar sögðu sssssssssssss.




Á, á



Álfadísín Álfhildur á fallegan hatt. Hann lítur út eins og Á. Einn dag var Álfadísín úti að klippa sér blóm. Þá missti hún skærin á tannaá sér. Á áááááááááááááááá hrópaði hún.



L,l



Þið þekkið öll hana Línu Langsokk er það ekki?

Einn dag voru sokkarnir hennar orðnir svo skítugir að hún þurfti að þvo þá. Hún var rétt búin að hengja sokkana upp á snúru þegar Tommi og Anna komu til hennar.

Tommi sá sokkana á snúrunni og fór að skellihlæja hann sá nefnilega að sokkarnir voru eins og bókstafir. Þeir voru eins og stóra L og litla l. Þetta fannst Önnu og Línu líka fyndið og þau hlógu öll og sungu

L L L Lína segir Llllllll



A,a




Ari og Anna voru í afmæli hjá afa og ömmu. Amma bauð þeim að tjalda gamla tjaldinu þeirra úti í garði. Afi hjálpaði þeim að tjalda. Þegar Anna skoðaði tjaldið hans afa sá hún að tjaldið var eins og A.

AAAAAA flott tjald sagði Anna. Það er eins og húsið ykkar ömmu.



Anna fór með Ara í ferð,
að Afabæ var ferðin gerð.
Afi stóð þar úti við hlið,
allt um kring var sótskinið.
A a a Afabær.
Amma bauð þeim askinn sinn,
í honum var maturinn.

I, i



Inga og Indriði voru í leiknum yfir.

Þau kölluðu yfir um leið og þau hentu boltanum.

Þau voru svo óheppin að boltinn festist í reykhálfnum.



Imma var í yfirleik
með Indriða svo glöð og keik.
Yfir húsið ekki dró,
á endanum fann ráðið þó.
I i - yfir!
Boltinn yfir staurinn stökk,
stráknum beint í greipar hrökk.

Vinna bls. 7 í Kátt er í kynjadal
- myndur

Búa til Indjána band með fjöður.
Bandið er úr pappírsrenning sem þau teikna
myndur á.
Fjöður - búa til úr pappír eða fá fjaðrir í
myndmennt.
Indjánaþartý

R,r



Raggi risaeðla ratar ekki heim til sín.

Hann á heima í rrrrrrrisa stóru fjalli.

Í kringum hann eru mörg stór fjöll. Rósi vinur ragga hitti hann við tjörnina og sagði honum að fjallið hans ragga væri eins og stóra R. Þeir fóru að leita að fjalli sem er eins og R og liggur á hliðinni, Þarrrrna er Rrrrrr fjallið þitt sagði Rósi og benti á stórt fjall.

Rósa á regngalla og regnhlíf.
Hún fer í regnfötin sín út í rigninguna. Henni finnst gaman úti í rigningunni. Regnhlífin hennar er eins og litla r. Hún æfir sig að segja RRrrrrrrrrrrrrrrrrrr regnhlíf.



Þylur regn á rúðunum,
rennur niður úr skjunum.
Í regnkápu Ranka fer
og regnhlíf tekur hún með sér.
R r r - rignir enn.
Stíkar Ranka í stígvélum
og stappar niðri í pollunum.

og

Skoða líka hvað sagt er í bókinni **Það kemur saga útúr mér.**

Þessi leið er úr kennsluleiðbeiningum Listin að lesa og skrifa.



Hugmynd að kynningu að orðinu „og“ Dag nokkurn í góðu veðri voru Sóla litla og dvergurinn Nóri á gangi um klettaborgina. Þá sagði Nóri við Sólu. - Við ættum nú kannski að heimsækja hann Óra bróður. Hann býr í klettaborginni þarna, þar sem stuðlabergið er. Hann er safnari. - Safnari? spurði Sóla litla. - Já, hann safnar öllu mögulegu, til dæmis steinum, skeljum og kuðungum og svo safnar hann orðum. - Orðum? Er hægt að safna orðum? - Já, ég skal biðja Óra að sýna þér það, komdu. Sóla og Nóri klöppuðu á klettinn. Dvergurinn Óri kom út. Hann var ósköp lítill og mjór með 9 sítt hár og skegg. Fyrst var Sóla dálítið feimin við hann en Óri var svo glettinn og skemmtilegur að brátt gleymdi hún allri feimni. - Sólu langar svo að sjá safnið þitt, sagði Nóri. Þegar Óri heyrði þetta náði hann í steinana sína, skeljarnar og kuðungana og sýndi Sólu og Nóra. - En fallett, sagði Sóla. Heyrðu, Nóri sagði að þú safnaðir líka orðum. - Já, ljósið mitt, ég safna orðum, sagði Óri. - Af hverju safnarðu orðum? spurði Sóla. - Ég hef svo gaman af að safna orðum, sérstaklega þeim orðum sem eru mikið notuð í málinu okkar. Stundum bý ég til myndir eða sögur um orðin. - Er það? Viltu kannski sýna okkur orðin þín? sagði Sóla biðjandi. Óri fór inn í lítið skot á hellinum sínum og kom með fangið fullt af orðaspjöldum. - Hérna eru nú orðin mín, sagði Óri. - Vá, eru þau svona mörg, ég get örugglega aldrei lært öll þessi orð, sagði Sóla. - Jú, jú, það er enginn vandi, sagði Óri. Þú kannt þau nefnilega þó þú þekkir ekki myndina af þeim. Maður lærir bara eitt orð í einu og æfir sig vel á því. Þá kemur þetta smám saman. Ég skal finna nógu lítið orð handa þér Sóla mín. Hvar eru nú gleraugun hans afa? Eftir stutta leit dró Óri upp skrýtin gleraugu og setti þau á sig. Svo fór hann að gramsa í orðasafninu sínu. - Sjáðu! Hér er eitt lítið orð. Þessu orði gleymir

Þú örugglega aldrei því það er alveg eins og gleraugu afa og ömmu. Þú getur séð mynd af orðinu og í vinnubókinni þinni og þar er mynd af afa og ömmu líka. Þegar ég lærði orðið var svo auðvelt að þekkja það því að það minnti mig alltaf á gleraugu afa og ömmu. - Frábært! Kallaði Sóla upp. Ég held bara að ég sé strax búin að læra þetta. - Það kemur mér ekki á óvart, sagði Óri, en farðu nú með orðið og leiktu þér að því. Settu það milli tveggja hluta og þá getur þú búið til setningar. Óri tók eina skel og einn kuðung og setti orðið á milli. Hvað er þetta? spurði Óri. - Kuðungur og skel, sagði Sóla. - Já, svona geturðu leikið þér með orðið og. - En fæ ég ekki að æfa mig á fleiri orðum? spurði Sóla.


ekki



Hugmynd að kynningu á orðinu „ekki“ -

Mig langar svo til að fá nýtt orð hjá Óra bróður þínum, sagði Sóla eitt sinn þegar þau Nóri voru á leiðinni í skólann. Ég er alveg búin að læra orðið og. Nú langar mig að læra nýtt orð. - Já, við skulum fara til hans, sagði Nóri. Það glaðnaði yfir Óra þegar hann sá gestina. - Jæja, er ykkur farið að langa í nýtt orð? spurði hann brosandí. - Já, ég var svo fljót að læra og -orðið, sagði Sóla. Nú langar mig í nýtt. - Hér er eitt, sagði Óri, og lyfti upp nýju orðaspjaldi. Hvernig líst ykkur á það? Þegar Sóla leit á það varð hún dálítið vandræðaleg á svipinn. - Líst þér **ekki** á nýja orðið, Sóla mín? spurði Óri hlýlega. - Æ, það er svo stórt, ég get örugglega **ekki** lært það. - Það er auðvitað aðeins stærra en litla orðið sem ég gaf þér um daginn, sem þú varst svo fljót að læra en þú verður örugglega líka fljót að læra þetta, sagði Óri. Og svo varstu rétt áðan að segja nýja orðið. - Var ég að segja það! Hvað sagði ég þá? spurði Sóla undrandi. - Þú sagðir „Ég get örugglega **ekki** lært það“. - Þegar Sóla heyrði þetta glaðnaði aftur yfir henni en Óri hélt áfram: - Nú skal ég segja ykkur söguna af því hvernig ég lærði þetta orð. Sjáið hvernig það lítur út. Óri sýndi Sólu og Nóra tóma kassa svona eins og þessa (kennari sýnir börnunum kassa, aðlagða orðinu **ekki** á töflu). Ég hef gaman af að teikna bíla og mér fannst orðið passa svo vel inn í kassa sem líkjast bíl að lögun. - Er orðið þá bíll? spurði Sóla forvitin. Óri skelli hló. Nei, ljósið mitt, þú sagðir **ekki** bíll áðan, sagði Óri. - Hvað er þá nýja orðið? spurði Sóla. - Nýja orðið er **ekki** sagði Óri. - **Ekki**, sagði Sóla. - **Ekki**, sagði Nóri. - Já, **ekki**, sagði Óri. - En hvernig eigum við að muna að orðið **ekki** sem líkist bíl er orðið **ekki**? spurði Sóla. - Jú, hugsaðu um það sem bíll má **ekki** gera. - Bíllinn má **ekki** klessa á, sagði Sóla. - Bíllinn má **ekki** keyra of hratt, sagði Nóri. - Bíll má **ekki** fara yfir á rauðu ljósi, sagði Sóla. - Já, það er hárrétt: Hann má **ekki** klessa á, hann má **ekki** keyra of hratt og hann má **ekki** fara yfir á rauðu. Meðan þú ert að æfa þig seturðu orðið **ekki** inn í bílinn og þá verðurðu fljót að læra það. Þegar Sóla og Nóri höfðu þakkað fyrir sig héldu þau glöð í bragði með nýja orðið sitt í skólann. Vonandi gengur þeim vel að læra orðið **ekki**. Vonandi gengur ykkur, krakkar mínir, líka vel að þekkja nýja orðið ykkar **ekki** þegar þið sjáið það aftur.

Sagði



Hugmynd að kynningu á orðinu „sagði“ Þegar Sóla var búin að læra orðið ekki langaði hana í nýtt orð. - Þú ert bara farin að safna orðum eins og Óri bróðir, sagði Nóri. - Já, er það ekki í lagi, mér þykir líka gaman að safna orðum sagði Sóla. - Jú, það er í lagi, sagði Nóri. Við skulum skreppa til Óra bróður og sækja nýtt orð. Óri varð glaður þegar hann sá gestina. - Langar þig í nýtt orð Sóla mín? spurði hann. - Já, sagði Sóla og það má vera stærra en það sem ég fékk síðast. - Hér er eitt, sagði Óri og sýndi henni orðið sagði. - Þetta er nú svolítið skrýtið orð, sagði Sóla. Hvernig getur þú hjálpað mér að muna það. - Ég ætla að byrja á því að teikna kassa sem líkist pallbíl, þá kemur það brunandi til þín í hvert sinn sem þú þarft að nota það, sagði Óri. Óri sýndi Sólu og Nóra kassa sem leit út eins og pallbíll (kennari teiknar kassaform sem er aðlagð orðinu sagði á töfluna). Inn í þennan bíl læt ég nú nýja orðið, sagði Óri. Þetta er orðið - Notum við þetta orð mikið? spurði Sóla. Já, við notum þetta orð mjög oft, sérstaklega þegar við lesum eða segjum sögur, sagði Óri. - Mér finnst þetta nú svolítið flókið orð, sagði Sóla þegar Óri hafði lokið við að skrifa orðið inn í pallbílinn. Hvernig á ég að muna að þetta orð er sagði? - Jú, hugsaðu þér að pallbílinn geymi þetta orð en sitt hvorum megin við orðið sagði eru önnur orð. Sjáðu. Óri skrifaði setninguna: „Ari á ís, sagði Ása“ á blað (kennari skrifar hana á töflu). „Sóla sá að hún gat lesið allt nema orðið sagði. - Nú, skil ég, sagði Sóla. Ég þarf bara að læra orðið sagði og þá get ég lesið svona setningar. Já, og kannski geturðu líka búið til litlar setningar utan um orðið sagði. Við skulum reyna. Óri, Nóri og Sóla fóru að raða saman orðum og búa til setningar utan um nýja orðið í pallbílnum: Ás, sagði Sóla. Lás, sagði Nóri. Ól, sagði Sóla. Sól, sagði Nóri, og svona héldu þau áfram þangað til þau voru búin að læra orðið sagði.

Ú, ú

Úlli úlfur var úti að leika sér í feluleik. Hann leitaði og leitaði að vini sínum unganum Úlfari. Úlli heyrði eitthvað þrusk. Hann fór að hlusta betur. Hann heyrði ú ú ú ú. Hann hélt áfram að leita. Úlli sá pott, hann sá að lokið á pottinum hreyfðist og upp kom Úlfar ungi sem sagði ú ú ú ú. Úlli hjálpaði Úlfari upp úr pottinum.

M,m

Malla mús á heima í Ísaksskóla. Hún er stolt af bókstafnum sínum M. Einn dag fékk hún að fara í ferðalag með krökkunum í bekknum sínum. Þau fóru í heimsókn á bóndabæ. Þar sáu þau kýr. Malla hlustaði vel og heyrði kúnna baula mmmmmuuu. Vá hún segir m — mmmmu sagði Malla mús.

U,u

Una uglu ungi átti heima hátt

uppi í tré.

Mamma hennar Unnur hafði flogið til að leita að mat handa henni. Una var hrædd í myrkrinu og kallaði á mömmu sína u uuuu U uuuu. Stuttu seinna kom mamma með mat handa Unu og hún hætti að vera hrædd.

V,v

Villi og Vala heyrðu vespuna suða v-v-v er hún sveif á stóru vængjunum sínum milli vorblómanna. Villi var með krukku og veiddi vespuna.
(Ástrós og Guðbjörg sömdu þessa sögu)

E,e

O,o

Olga var að moka holu. Hún sá Olla orm í holunni.
Nei O o o o o o Olli ormur sagði Olga hissa. Hún tók Olla orm og bað hann að búa til O úr sér af því að hún er að læra um o.
Olli kom sér fyrir á ferhyrning og hringaði sig í o fyrir Olgu.

Sjáðu mig sagði Olli nú er ég eins og O.	
--	--

N,n

Nanna norn á heima í Nornabæ.
Hún á nornakúst og kött sem heitir Nói.

Nanna kann að búa til nornadrykk sem henni og Nóa finnst svo góður.

Nanna fékk nokkrar Nornir í heimsókn. Hún blandaði nornadrykkinn og gaf þeim. Þær sögðu allar nnnnnnnnammi. Góður drykkur hjá þér Nanna.

Æ, æ

Ævar og Æsa eiga dýr. Æsa á ær en Ævar á litla skjaldböku. Æsa var að skoða skjaldböku hans Ævars þegar hún missti hana. Æ ææææææ sagði ævar ég vona að hún hafi ekki brotnað. Þegar Æsa sá skjaldböku á gólfinu sá hún að hún var eins og litla æ

J,j

Jólasveinarnir voru að koma til byggða. Á leiðinni hrapaði einn þeirra niður í gil.

J j j j j j jólasveinn kallaði Giljagaur og rétti jólasveininum stafinn sinn og dró hann upp.

F,f

Fía fiðrildi er falleg á litin. Fía er forvitin og flýgur um himininn. Einn dag sá hún risa stórt og fallett fiðrildi. Hún sá að það var fast við band. Bandið og vindurinn feyktu stóra fiðrildinu til og frá. Nei bíddu við hugsaði Fía fiðrildi. Þetta er ekki fiðrildi þetta er ffffffff flugdreki.

É,é

H,h

Halli á heima í höll. Í höllinni búa líka Hjalti og Halla. Þau eiga öll hesta.

Halli fékk hálsbólgu og þurfti að vera inni. Hann horfði á Hjalta og Höllu út um gluggann. Hann andaði á gluggann hhhhhh Þá kom

móða á gluggann. Hann teiknaði H á gluggann. Í gegnum h sá hann Hestinn sinn Hrapp. Halli blístraði á Hrapp. Hesturinn heyrði í honum og hneggjaði íhihihih.

T,t

Tóti tröllastrákur og vinkona hans Tinna tröllastelpa eiga heima í Tindafjöllum. Í rísa stórum helli. Þau eiga stóra klukku. Það heyrst hátt í henni. Tikk, takk, tikk, takk. Pabbi þeirra fer stundum út á sjó að veiða fisk á trillunni sinni. Það heyrst t t t t t t í trillunni hans.

G,g

Litla geitin sagði við geitamömmu "ég vil fara yfir brúnna grasið er miklu grænna þar". Geitamamma sagði að þau gætu ekki farið yfir brúnna af því að stóra tröllið byggi undir brúnni og myndi éta þau ef þau færu yfir. Þau ákváðu samt að prufa að fara yfir brúnna. Fyrst fór Litla geitin. Tripp trapp tripp trapp...

Ð,ð

Daði á afmæli hann bauð vinum sínum í afmælisveislu. Vinir hans gáfu honum Hróar hattar hatt að gjöf og boga og örvar. Hatturinn líktist lita ð og boginn og örvarnar líktust stóa Ð. Ðððððððððð

Ö,ö

Ökubuska þurfti að vinna öll verkin á heimilinu sínu. Pabbi hennar var dáinn og stjúpan hennar var leiðinleg við hana. Prinsinn bauð öllum stúlkunum í ríkinu á ball því hann var að leita sér að konu. Öskubuska mátti ekki fara á ballið hún átti að vera heima og vinna húsverkin. Þegar allir voru farnir á dansleikinn kom álfamær til hennar og galdraði grasker sem hestvagn.....

B,b

Bóbó bangsi á afmæli. Hann er búinn að bjóða vinum sínum í

afmæli.

Bóbó skreytti húsið með blöðrum.

Þegar vinir hans komu sú þeir blöðrurnar þær voru sérkennilegar í laginu. Þær voru eins og stóra B og litla b
BBBBBBBBBB sagði Bóbó

Y,y og Ý,ý

Ylfa og Ýmir eru systkini. Þau fóru til ömmu sinnar. Þau fóru yfir brú. Í ánni sáu þau ýsu. Þeim finnst gaman að syngja. Það eru stórar dyr á húsinu hennar ömmu. Það er lykill í skránni á hurðinni. Amma kyssti krakkana þegar hún sá þau. Þau gáfu henni mynd af sér.

P,p

K,k

Krummi krunkar og flýgur uppá háan klett þar sem hann er með

hreiður. Á sjónum sá hann eitthvað skrýtið fljóta. Hann flaug af stað og krúnkaði Krúnk, krúnk, krúnk. Þegar hann kom nær sá hann að þetta var korkur sem var eins og K í laginu. Hann fór með "Kið" upp í hreiðrið og sýndi ungunum sínum. Hann kenndi þeim að segja K k k k k k k

D,d

Dóri er drekasnáði sem á heima á Drekaeyju. Hann dansaði af kæti þegar drekasnáðarnir vinir hans ákáðu að fara í drekaflug yfir eyjuna þeirra í ransóknar leiðangur. Þeir ætluðu að leita að demöntum og allavega dóti. Þeir byrjuð á að leita djúpt inni í skóginum. Þar fundu þeir dós, drykk, dollu og gamlar dökkar dyr. En vinirnir fundu engan demant.

Au, au

P,p

Það var einu sinn lítill prinsessa og lítill prins em voru að poppa. Það heyrðist pppppppp í poppinu þegar það poppaðist.

Eða

Það var einu sinn lítill prinsessa og lítill prins em voru að baka piparkökur. Litli prinsinn missti piparinn út í deigið. Prinsessan smakkaði piparkökuna henni fannst hún mjög vond og skyrpti piparkökunni út úr sér pppppppppppp.

Ei, ei og Ey og ey

X,x (og z)